



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. P 136/505
komudagur 16.12.2008

Selfossi, 15. desember 2008
0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 41. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 12. desember sl., var tekið fyrir bréf frá samgöngunefnd Alþingis, dags. 5. nóvember 2008, þar sem óskað var umsagnar SASS um frumvarp til laga um tekjuskatt, 41. mál, ferðakostnaður. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

„Mælt er með samþykkt tillögunnar. Með stækkun atvinnusvæða sækja margir vinnu um langan veg, ekki síst Sunnlendingar. Í stækkun atvinnusvæðanna felst veruleg þjóðhagsleg hagkvæmni og því eðlilegt að veita fólki skattaívilnun af þeim ástæðum.“

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri